

Kennarar: Guðmundur Albert Harðarson, Rúnar Einarsson og Ívar Hólm Hróðmarsson

Lýsing – Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Í 5. bekk er unnið markvisst með íslensku yfir veturinn. Áhersla er lögð á lestur, lesskilning, ritun, málfræði, stafsetningu, tjáningu og bókmenntir. Leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt og að þau höfði til ólíkra styrkleika nemenda. Unnið verður bæði með sameiginleg verkefni, einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.

Lestur er stór og mikilvægur þáttur í íslenskunámi nemenda. Yndislestur er fastur liður á morgnana og nemendur sinna einnig heimalestri daglega. Miðað er við að þeir lesi upphátt í 15 mínútur á dag heima. Einnig er lesið fyrir nemendur í nestistíma á hverjum degi. Með þessu móti fá nemendur reglulega þjálfun í lestri, hlustun, lesskilningi, orðaforða og bókmenntaupplifun.

Námsmarkmið – Hvað á nemandinn að læra?

Í íslensku er stefnt að því að nemendur efli hæfni sína til að lesa sér til gagns og ánægju, tjá sig á skýru og áheyrilegu máli, skrifa fjölbreytta texta og beita íslensku máli á meðvitaðan hátt. Einnig er lögð áhersla á að nemendur kynnist bókmenntum og öðlist skilning á gildi tungumálsins sem tæki til samskipta, sköpunar og náms.

Lögð verður áhersla á að nemendur þjálfí lestur, lesskilning og orðaforða, temji sér góðar lestrarvenjur í skóla og heima, skrifi skýra og skipulagða texta, styrki færni í stafsetningu og málfræði, taki þátt í umræðum og geti tjáð skoðanir sínar, lesi bókmenntatexta og velti fyrir sér innihaldi þeirra, boðskap og persónum og efli sjálfstæði, ábyrgð og vönduð vinnubrögð.

Námsefni – Hvaða gögn og bækur verða notuð?

Námsbækurnar: Málrækt 1, Mál til komið, Orðspor 1 les- og vinnubók, Flökkuskinna. Fyrsti smellur er aukaefni. Auk þessa verða notuð fjölbreytt verkefni frá kennara, lesskilningsverkefni, ritunarverkefni, stafrænt efni og valdir bókmenntatextar.

Kennsluaðferðir – Hvernig er unnið í kennslustundum

Kennslan verður fjölbreytt og miðar að því að nemendur fái tækifæri til að vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Unnið verður með lestur, umræðu, ritun, hlustun, verkefnavinnu, skapandi vinnu og kynningar. Nemendur lesa ólíka texta, vinna lesskilningsverkefni, glíma við málfræði og stafsetningu, skrifa eigin texta og taka þátt í umræðum.

Yndislestur verður fastur liður á morgnana. Lesið verður fyrir nemendur í nestistíma á hverjum degi, sem styður við hlustun, lesskilning og bókmenntaáhuga. Jafnframt sinna nemendur daglegum heimalestri, þar sem miðað er við að lesa upphátt í 15 mínútur á dag.

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat byggir á fjölbreyttum gögnum yfir veturinn. Metin verða meðal annars lestrarfærni og lesskilningur, heimalestrarvenjur og lestrarþjálfun, ritunarverkefni, málfræði- og stafsetningarverkefni, þátttaka í umræðum og munnleg tjáning, vinnubrögð, virkni og framfarir.

Námsmat tekur einnig mið af framförum nemenda í lestri og vinnu með bókmenntatexta. Nemendur taka kannanir þegar við á og hæfniviðmið eru metin jafnóðum. Þar að auki eru miðsvetrar- og vorpróf. Hæfniviðmiðin eru metin með táknum sem standa fyrir eftirfarandi: Framúrskarandi - hæfni náð - á góðri leið - þarfnast þjálfunar - hæfni ekki náð. Lokaeinkunn er gefin í A, B, C og D sem birtist inni á Mentor.

Viðmið úr námskrá

Hæfniviðmið sem metin verða:

- Lesið og talað skýrt og áheyrilega á leiksviði.
- Sinnir heimalestri af alúð.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks auðvelda texta með góðum hraða og af skilningi.
- Getur greint nafnorð í texta, greint kyn þeirra, tölu og fall. Þekkir muninn á sérnöfnum og samnöfnum.
- Getur flokkað nafnorð eftir kyni.
- Getur raðað orðum í stafrófsröð.
- Getur fallbeygt nafnorð.
- Getur greint orð í eftirfarandi orðflokka: nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.
- Getur unnið með greini nafnorða.
- Getur unnið með samsett orð.
- Getur flokkað nafnorð í samnöfn og sérnöfn.
- Getur unnið með eintölu og fleirtölu nafnorða.
- Getur unnið með samheiti og andheiti.
- Getur beitt stafsetningarreglu um ng og nk.
- Getur beitt stafsetningarreglu um n og nn í endingu orða.
- Getur beitt stafsetningarreglu um stóran og lítinn staf.
- Getur beitt stafsetningarreglu um tvöfaldan samhljóða.